

EIGIÐ FÉ	Kr.
Höfuðstóll	<u>968.785.656</u>
EIGIÐ FÉ SAMTALS	<u>968.785.656</u>
SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS	<u>2.102.649.239</u>

Áritun endurskoðanda.

Við höfum endurskoðað ársreikning Félagsstofnunar stúdenta fyrir starfsárið 1995-1996. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar A-F.

Ársreikningnum fylgja sérstök uppgjör fyrir Byggingarsjóð stúdenta og byggingarnefnd stúdentagarða.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög og góða reiknings-skilavenju og gefi rétta mynd af rekstri Félagsstofnunar stúdenta frá 1. júní 1995 - 31. maí 1996 og efnahag fyrirtækisins 31. maí 1996.

Reykjavík, 28. október 1996.

Þorsteinn Haraldsson,
Anna Kristín Traustadóttir,
löggiltir endurskoðendur sf.

Anna Kristín Traustadóttir,
löggiltur endurskoðandi.

16. apríl 1997

Nr. 288

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um veitinga- og gististaði nr. 288/1987
með síðari breytingum.**

1. gr.

Ákvæði 13.-15. gr. falli brott og breytist númeraröð síðari greina til samræmis við það.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um veitinga- og gististaði nr. 67, 28. júní 1985, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 16. apríl 1997.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.